

Nefndasvið Alþingis

Velferðarnefnd

Reykjavík 2.jan.2015

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um almannatryggingar 322.mál þskj.393/2014-2015.**

### **Um 2.gr.**

Landssamband eldri borgara (LEB) telur að í 2.gr. d lið í frumvarpinu felist of víðtæk heimild fyrir ráðherra til að ákveða staðsetningu Tryggingarstofnunar og þjónustumiðstöðva hennar út um landið eða að sameina hana öðrum stofnunum. LEB minnir á að TR er ein mikilvægasta stofnun ríkisins þegar kemur að þjónustu velferðarmála ekki síst gagnvart eldri borgurum. Það skiptir miklu máli fyrir eldri borgara að þjónustan sé sem næst þeirra heimili, en ekki staðsett vegna „hagkvæmnisástæðna“ í margra kílómetra fjarlægð. Við minnum á það, að þó sífellt fjölgi þeim sem geti nýtt sér rafræna þjónustu, er enn stór hluti eldri borgara sem ekki er fær um það. Því teljum við að það sé of þröng skilgreining að fella það einum aðila að ákvarða staðsetningu svo mikilvægrar stofnunar sem hefur víðtæku þjónustuhlutverki að gegna við þá sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu s.s. vegna aldurs. Landssambandið telur eðlilegra og lýðræðislegra að það væri hlutverk Alþingis að ákveða það.

### **Um 3.gr.**

Landssamband eldri borgara lýsir yfir ánægju með að í frumvarpinu sé verið að leggja af hugtakið vasapeninga til lífeyrisþega á öldrunarheimilum, en orðið ráðstöfunarfé notað í staðinn.

### **Um 16.gr.**

Þar segir: **Nú afplánar lífeyrisþegi refsingu í fangelsi, sætir gæsluvarðhaldi eða er á annan hátt úrskurðaður til dvalar á stofnun og skulu þá falla niður allar bætur til hans sbr. 53.gr.** Við teljum það all harkalegt að fella niður allar bætur við þessar aðstæður og vitna til þess í greinargerð að þar sé um sanngirnissástæður að ræða gagnvart öðrum föngum. Ellilífeyrisþegar hafa tæplega möguleika á því að taka launaða vinnu meðan á afplánun stendur, eins og yngri fangar og er því ekki jafnræði að því leyti milli lífeyrisþega og annarra fanga. Slíkur tekjumissir getur haft þau áhrif að viðkomandi missi eignir s.s. húsnæði og getur þá verið afar illa staddur þegar afplánun lýkur.

Við teljum því að þetta ákvæði ætti að fella niður.

Virðingarfyllt.

F.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjásndóttir, formaður LEB